



NATO

á 21. öld

Efnisyfirlit



4-5 Viðbrögð við nýjum ógnum




6-7 Upphaf bandalagsins




8-9 Lok kalda stríðsins



10-11 Hvernig NATO vinnur




12-13 Öryggi eftir með samstarfi




14-15 Stækkun NATO



16-17 NATO á Balkanskaga



18 Önnur starfsemi
Atlantshafsbandalagsins




19 Tengslin yfir Atlantshafið



20-21 Breytingar á bandalaginu



22-23 Horft til framtíðar




Atlantshafs- bandalagið

Í Atlantshafsbandalaginu (NATO) taka tengslin yfir Atlantshaf á sig fast form, það tengir saman varnir og öryggi Evrópu og Norður Ameríku. Eins og það er skilgreint í Washington-sáttmálanum er meginmarkmið NATO að tryggja frelsi og öryggi allra aðildarríkjanna með stjórnmálalegri og hernaðarlegri samvinnu. Í því skyni hefur NATO allt frá stofnun þess árið 1949 séð um sameiginlegar varnir aðildarríkjanna og auk þess verið mikilvægur samráðsvettvangur um mikilvæg öryggismál og einn helsti grundvöllur friðar og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur NATO tekið að sér ný mikilvæg verkefni, þ.á.m. að koma á fót öryggissamstarfi við lýðræðisríki um alla Evrópu, í Kákasus og Mið-Asíu. Eftir því sem öryggisumhverfið í heild hefur batnað hefur bandalagið axlað aukna ábyrgð sem meðal annars hefur falist í að bregðast við óstöðugleika vegna svæðisbundinna átaka og þjóðernisdeilna og ógna utan Evró-Atlantshafssvæðisins.

Núorðið er bandalagið þátttakandi í stöðugt víðtækari starfsemi sem beinist að því að auka samstarf við Rússland og Úkraínu og önnur lönd, sem ekki eiga aðild að því, auk þess að bregðast fyrirfram og á virkan hátt við ógnum nýrrar aldar svo sem alþjóðlegum hryðjuverkum og útbreiðslu gereyðingarvopna. Bandalagið tekur sífellt gagngerum breytingum svo það geti skilvirkt staðið vörð um öryggishagsmuni aðildarríkjanna í nýju og síbreytilegu öryggisumhverfi. Það tekur að sér ný verkefni, tekur inn ný aðildarríki, byggir upp nýja getu, fær ný samstarfsríki og tekur upp nýtt vinnulag.



Viðbrögð við nýjum ógnum

Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, þar sem flugvélum var beitt sem geryðingarvopnum, sýndu glögglega hvernig öryggisumhverfið hefur breyst frá lokum kalda stríðsins og hve nútíma samfélag er viðkvæmt fyrir nýjum ógnum. Sem svar við árásunum beitti bandalagið í fyrsta sinn 5. grein Washington-sáttmálans þar sem kveðið er á um að árás á eitt aðildarríki sé árás á þau öll og veitti Bandaríkjunum þannig pólitískan og verklegan stuðning á ögurstundu. Bandalagið hefur auk þess síðan bæði aðstoðað Bandaríkin í aðgerðum þeirra vegna árásanna og gert ráðstafanir til að efla getu bandalagsins til að bregðast við ógnum af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

Þótt atburðirnir 11. september 2001 hafi verið stórt áfall var NATO nokkrum árum áður byrjað að laga sig að breyttu öryggisumhverfi. Aðildarríkin samþykktu árið 1999 nýja hernaðaráætlun þar sem bent er á þær ógnir sem steðja að bandalaginu og hvernig það hyggt bregðast við þeim. Hættur eru sagðar steðja að "úr mörgum áttum og oft erfitt að sjá þær fyrir" og sérstaklega vakin athygli á þeirri ógn sem stafar af útbreiðslu geryðingarvopna og getunni að beita þeim. Þar kemur einnig skýrt fram að öryggi aðildarríkjanna geti verið í hættu vegna annars konar ógna svo sem hryðjuverka, skemmdarverka, skipulagðrar glæpastarfsemi og truflana á innviðum samfélagsins.

Til að mæta slíkum ógnum greip bandalagið til ýmiss konar aðgerða sem miðuðu að því að efla hernaðarmátt þess og efla samstarfið bæði milli aðildarríkjanna innbyrðis og við samstarfsríkin og alþjóðastofnanir. Þar á meðal má nefna "Defence Capabilities Initiative" áætlunina sem kynnt var 1999 og miðaði að því að efla hernaðargetu í nýju öryggisumhverfi; geryðingarvopnamiðstöð sem komið var á fót árið 2000 þar sem aðildarríkin skiptast á upplýsingum um ógnir af völdum geryðingarvopna og samræma viðeigandi viðbrögð við þeim; þróun "European Security and Defence Identity" innan bandalagsins til gera evrópskum aðildarríkjum kleift að axla aukna ábyrgð á sviði öryggis- og varnarmála.



NATO Á 21. ÖLD



▲ Frá leiðtogafundi Norður-Atlantshafsráðsins í Prag

Þetta samstarf varð enn mikilvægara eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 og í kjölfar þeirra hóf NATO víðtæka endurskoðun á starfsemi sinni og vinnulagi. Unnar voru tillögur um endurbætur, aðgerðir og áætlanir sem samþykktar voru á fundi leiðtoga aðildarríkjanna í Prag í nóvember 2002. Jafnframt sendu 14 aðildarríki herlið til Afganistans til að leggja Bandaríkjunum lið í baráttunni við al Kaida hryðjuverkasamtökin sem stóðu fyrir árásum og Talibanastjórnina, sem veitti þeim hæli, sem og tóku einnig þátt í alþjóðlega friðargæsluliðinu (ISAF) í Kabúl. Að beiðni þeirra aðildarríkja sem sendu lið til Afganistan og til að rjúfa ekki samhengið tók svo NATO við stjórn ISAF og er að kanna möguleikana á því hvort hægt sé að viðhafa sama fyrirkomulag utan Evró-Atlantshafssvæðisins.

Þótt aðildarríkin hafi stundum verið óssammála um hvernig best sé að bregðast við nýjum ógnum eru þau þó öll sammála um að slíkar ógnir geti átt uppruna sinn utan Evró-Atlantshafssvæðisins. Þar af leiðandi sé það ekki á færi einnar stofnunar að leysa málið né heldur sé hægt að treysta í því sambandi á heri sem byggðir eru upp fyrir hefðbundin hernaðaráttök. Bandalagið verður því, auk þess að eiga samvinnu við aðrar til þess bærar stofnanir, að laga sig að nýjum og breyttum ógnum. Bandalagið er af þessum sökum ekki lengur skilgreint landfræðilega heldur bandalag sem gengur út frá því ekki sé hægt að segja fyrir um hvaðan ógnir koma en er reiðubúið að mæta þeim hvar og hvenær sem þær birtast.

Til að efla öryggið tengist bandalagið alþjóðlegum stofnunum, svo sem Evrópusambandinu, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Sameinuðu þjóðunum og jafnvel Alþjóða heil-brigðismálastofnuninni sífellt nánari böndum sem og öðrum ríkjum utan bandalagsins, þar á meðal Rússlandi, Úkraínu og samstarfsríkjum bæði á Evró-Atlantshafssvæðinu og við Miðjarðarhaf.



NATO Á 21. ÖLD



Upphaf bandalagsins

Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar myndaði hugmyndafræðilegur og pólitískur ágreiningur kalda stríðsins gjá milli Vestur- og Austur-Evrópu. Austur-Evrópa féll undir yfirráð Sovétríkjanna. Árið 1949 stofnuðu 12 ríki beggja vegna Atlantshafsins Atlantshafsbandalagið til að vinna gegn hættunni á því að Sovétríkin reyndu að færa áhrif sín út fyrir austurhluta Evrópu og til annarra hluta álfunnar.

Milli 1947 og 1952 stuðlaði Marshall-áætlunin að efnahagslegum stöðugleika í Vestur-Evrópu. Hlutverk NATO sem stjórnmála- og hernaðarbandalags var að veita sameiginlegar varnir gegn hvers kyns árásum og að viðhalda öruggu umhverfi fyrir þróun lýðræðis og hagvaxtar. Eins og Harry S Truman, forseti Bandaríkjanna, orðaði það á sínum tíma voru "Marshall-áætlunin og NATO sín hvor hlið sama peningsins".

Stofnríki NATO - Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Lúxemborg, Noregur og Portúgal - skuldbundu sig til að koma hvert öðru til hjálpar ef á eitthvert þeirra yrði ráðist. Með því að tengja Norður-Ameríku við varnir Vestur-Evrópu gaf bandalagið til kynna að allar tilraunir til pólitískra og hernaðarlega þvingana gegn Vestur-Evrópu myndu mistakast. Um leið var grunnur lagður að því að tryggja að varnarmál aðildarríkjanna yrðu sameiginleg.


▲ Evrópa sundruð

◀ Flugskeyti á dögum kalda stríðsins



Snemma á sjötta áratugnum virtust alþjóðlegir atburðir, sem náðu hámarki með Kóreustríðinu, ætla að réttlæta ótta vestrænna ríkja við útpenslustefnu Sovétríkjanna. Af þeim sökum lögðu aðildarríki NATO enn meira kapp á að koma upp þeim hernaðarmætti sem nauðsynlegur var til þess að efna skuldbindinguna um sameiginlegar varnir. Vera norður-ameríks herliðs á evrópskri grund að beiðni evrópskra ríkisstjórna hjálpaði til að draga úr tiltrú Sovétríkjanna á því að hernaðarofbeldi gæti borið árangur. Þar að auki fjölgaði aðildarríkjum bandalagsins með tímanum. Grikkland og Tyrkland gerðust aðilar að NATO árið 1952, þremur árum síðar fylgdi Vestur-Þýskaland og 1982 bættist Spánn í hópinn.

Með bandalaginu hafa Vestur-Evrópa og Norður-Ameríka ekki aðeins staðið sameiginlega vörð um eigið sjálfstæði heldur einnig náð að koma á meiri stöðugleika en áður hefur þekkst. Reyndar hefur örygginn sem NATO veitir verið lýst sem “súrefni velmegunar” sem lagði grunninn að efnahagssamvinnu og samruna í Evrópu. Einnig ruddi bandalagið brautina að endalokum kalda stríðsins og endalokum skiptingar Evrópu í upphafi 10. áratugarins.



Lok kalda stríðsins

Á tímum kalda stríðsins var jafnt hlutverk og tilgangur NATO afar skýr vegna þeirrar ógnar sem af Sovétríkjunum stafaði. Snemma á 10. áratugnum var Varsjárbandalagið leyst upp vegna þrýstings frá nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu og Sovétríkin voru hrunin. Þegar þessir hefðbundnu andstæðingar voru horfnir af sjónarsviðinu var það álit sumra að ekki væri lengur þörf fyrir NATO og að stórlega ætti að minnka fjárveitingar til varnar- og hermála.

Í kjölfar þess að Sovétríkin leystust upp drógu mörg aðildarríki NATO úr fjárveitingum sínum til varnarmála, allt að fjórðungi í sumum tilvikum. En vonir um jafnvel enn meiri sparnað reyndust fullbjartsýnar. Fljótlega varð ljóst að þótt hættan á innrás væri liðin hjá með lokum kalda stríðsins hafði óstöðugleiki aukist sums staðar í Evrópu. Svæðisbundin átök brutust út í fyrrum Júgóslavíu og sums staðar í fyrrum Sovétríkjunum, oft vegna spennu milli þjóðarbrotá, og hætta virtist á því að þessi átök breiddust út. Aðildarríki NATO komust fljótt að þeirri niðurstöðu að skuldbindingar þeirra um sameiginlegar varnir og samvinna á vettvangi bandalagsins væri enn besta tryggingin fyrir öryggi þeirra.



NATO Á 21. ÖLD



Einnig var ljóst að þótt hættan á innrás væri liðin hjá væri þörf fyrir nýtt pólitískt og hernaðarlegt samstarf til þess að takast á við svæðisbundin átök og varðveita frið og stöðugleika í Evrópu. Reyndar var þörf á meiri háttar innri endurskipulagningu til þess að aðlaga hernaðarskipulag og hernaðargetu bandalagsins þannig að unnt væri að takast á við ný viðfangsefni svo sem að koma í veg fyrir átök, friðargæslu og aðgerðir til stuðnings friði jafnframt því að tryggja áframhaldandi getu til þess að uppfylla grundvallarvarnarhlutverk bandalagsins. Til að bregðast við hinum nýju viðfangsefnum, hefur NATO þróast frá því að vera fyrst og fremst samhent bandalag með ábyrgð á sameiginlegum vörnum og í það að vera samstarfsvettvangur þjóða sem vinna saman að öryggi í víðara samhengi.



▲ Eftirlit á átakasvæðum

◀ Manfred Wörner þáverandi framkvæmdastjóri NATO
hittir Mikahil Gorbatsjoff forseta Sovétríkjanna



Hvernig NATO vinnur

Ein skýring á því hvers vegna Atlantshafsbandalagið hefur enst svo vel sem raun ber vitni er að ákvarðanatökuferlið byggist á sammæli. Þetta þýðir að allar ákvarðanir verða að vera samhljóða og af því leiðir að oft er þörf á löngu samráðsferli og viðræðum áður en hægt er að taka mikilvæga ákvörðun. Þótt þetta kerfi kunni að virðast svífaseint og þunglamalegt í augum þeirra sem fyrir utan standa hefur það tvo meginkosti. Í fyrsta lagi tryggir það virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og sjálfstæði sérhvers aðildarríkis og í öðru lagi hafa þær ákvarðanir sem eru teknar fullan stuðning allra aðildarríkjanna og þau eru skuldbundin til þess að framkvæma þær.

Mikilvægasti vettvangur ákvarðana innan NATO er Norður-Atlantshafsráðið, þar sem hvert ríki hefur fastafulltrúa með sendiherrastöðu er nýtur stuðnings sendinefndar þar sem starfa diplómatar og varnamálaráðgjafar.

▲ Flugtak undirbúið

◀ Norður-Atlantshafsráðið á fundi




NATO Á 21. ÖLD



Ráðið kemur saman á sendiherrastigi að minnsta kosti einu sinni í viku og yfirleitt oftar. Einnig eru haldnir fundir ráðsins með þátttöku utanríkisráðherra, varnarmálaráðherra og stöku sinnum eru haldnir leiðtogafundir.

Fyrir NATO fer framkvæmdastjóri, sem skipaður er til um fjögurra ára í senn, og er hann valinn úr hópi æðstu stjórnámálamanna einhvers aðildarríkis. Framkvæmdastjórinn stýrir fundum Norður-Atlantshafsráðsins og annarra mikilvægra stofnana NATO og vinnur að því að koma á sammæli meðal aðildarríkjanna. Í starfi sínu við daglegan rekstur bandalagsins nýtur framkvæmdastjórinn stuðnings alþjóðlegs starfsliðs sem eru sérfræðingar og embættismenn frá öllum aðildarríkjunum.

NATO ræður ekki yfir eigin herafla. Flestar hersveitir sem NATO hefur aðgang að lúta alfarið stjórn og yfirráðum viðkomandi aðildarríkis þar til þeim er falið að taka að sér verkefni sem tengjast sameiginlegum vörnum eða nýjum viðfangsefnum bandalagsins, svo sem friðargæslu og stuðningi við frið. Hlutverk pólitískra og hernaðarlegra stofnana NATO er að annast það undirbúningsstarf sem nauðsynlegt er til þess að gera hersveitum einstakra ríkja kleift að vinna þessi verkefni og einnig að annast þá skipulagsvinnu sem nauðsynleg er fyrir sameiginlega yfirstjórn, eftirlit, þjálfun og æfingar.



Öryggi eft með samstarfi



Mörg þeirra vandamála sem lágu að baki skiptingu Evrópu á tímum kalda stríðsins urðu enn erfiðari vegna hugmyndafræðilegs, pólitífsks og hernaðarlegs fjandskapar milli austurs og vesturs. Frá því að þær djúpstæðu breytingar áttu sér stað, sem mörkuðu endalok kalda stríðsins, hefur NATO átt frumkvæði að nýjum aðgerðum sem miða að því að styrkja öryggi og stöðugleika með því að koma á fót stofnunum sem eru vettvangur til viðræðna, uppbyggingar á trausti og samstarfs við fyrrum andstæðinga og við önnur Evrópuríki og nágrannaríki á Miðjarðarhafssvæðinu.

Eitt fyrsta skrefið í þessa átt var tekið með stofnun Samstarfsráðs Norður-Atlantshafsins árið 1991. Ráðið hlaut síðar nafnið Evró-Atlantshafsráðið og er nú meginsamráðs- og samstarfsvettvangur NATO og landa utan NATO á Evró-Atlantshafssvæðinu.

Árið 1994 hóf NATO verkefni sem nefnist Samstarf í þágu friðar. Markmið þessa samstarfs er að hjálpa þeim ríkjum sem aðilar eru að samstarfinu að endurskipuleggja heri sína þannig að þeir geti gegnt réttu hlutverki sínu í lýðræðislegu þjóðfélagi og tekið þátt í friðargæsluverkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins. Samstarf í þágu friðar er sniðið að þörfum hvers ríkis fyrir sig og gefur möguleika á raunhæfri samvinnu á mörgum ólíkum sviðum, en leyfir þátttakendum jafnframt að velja eins mikinn eða lítinn hluta áætlunarinnar og öryggisþarfir þeirra krefjast. Samstarf í þágu friðar nær til jafnólíkra þátta og heræfinga, vinnufunda, ráðstefna og námskeiða.



▲ Gengið í Samstarf í þágu friðar

◀ Eftirlitsstöð

NATO Á 21. ÖLD

Sérstök áhersla er lögð á að herinn í hverju landi sé gegnsær og að hann lúti lýðræðislegri stjórn. Samstarf í þágu friðar hefur stuðlað með þýðingarmiklum hætti að samvinnu þeirra landa sem taka þátt í friðargæslusveitum á borð við stöðugleikasveitina í Bosníu og Hersegóvínu (SFOR) og friðargæslusveitina í Kósóvó (KFOR).

Árið 1995 voru hafnar sérstakar viðræður við sex lönd á Miðjarðarhafssvæðinu - Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Marokkó, Míritaníu og Túnis. Þessi viðræðuáætlun, sem Alsír hóf einnig þátttöku í árið 2000, miðar að því að koma á bættum samskiptum og gagnkvæmum skilningi á öllu Miðjarðarhafssvæðinu auk þess að stuðla að öryggi og stöðugleika á svæðinu. Meðal verkefna áætlunarinnar er að bjóða þátttakendum að sækja námskeið í menntastofnun NATO í Oberammergau í Þýskalandi og Varnarháskóla NATO í Róm á Ítalíu.


Árið 1997 færðu NATO og Rússland og NATO og Úkraína tvíhliða samstarf sitt í formlegra horf. Lagður var grunnur að framtíðarsamstarfi með undirritun tvíhliða samninga NATO við bæði ríkin. Samstarfsráð NATO og Rússlands og samstarfsnefnd NATO og Úkraínu voru stofnuð sem vettvangur til þess að auðvelda reglubundið samráð og viðræður um öryggismál. Meðal viðfangsefna þessara stofnana eru friðargæslumál á Balkanskaga, að koma í veg fyrir átök, að koma í veg fyrir útbreiðslu geryðingarvopna, breytingar í varnarmálum, umhverfisvernd og almannavarnir.

Árið 2002 tengdust NATO og Rússland enn nánar með stofnun NATO-Rússlandsráðsins sem kom í stað Samstarfsráðs NATO og Rússlands. Þetta fól í sér miklu meira en nafnbreytingu, grunnur samstarfsins gjörbreyttist. Öll aðildarríkin taka þátt í þessum samstarfsvettvangi sem jafningjar undir forsæti framkvæmdastjórans og helstu svið samstarfsins eru baráttan gegn hryðjuverkum, aðgerðir á hættutímum og að koma í veg fyrir útbreiðslu geryðingarvopna. Ávarðanir í NATO-Rússlandsráðinu eru teknar samhljóða líkt og í Norður-Atlantshafsráðinu.





Stækkun NATO



NATO Á 21. ÖLD

Frá því snemma á tíunda áratugnum komust mörg ríkja í Austur-Evrópu að þeirri niðurstöðu að framtíðarhagsmunum þeirra yrði best borgið með inngöngu í NATO og lýstu yfir þeim ásetningi sínum að sækja um aðild. Þrjú fyrrum samstarfsríki - Tékkland, Ungverjaland og Pólland fengu aðild í mars 1999 og urðu aðildarríkin þar með 19 að tölu. Á leiðtogafundi bandalagsins í Prag í nóvember árið 2002 var sjö ríkjum til viðbótar boðið til aðildarviðræðna - Búlgaríu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu og þau gengu formlega í bandalagið í lok mars 2004.

Þessi sjö ríki, og önnur ríki sem vilja fá aðild, hafa haft gagn af sérstakri aðgerðaáætlun sem hleypt var af stökkunum árið 1999 til að hjálpa samstarfsríkjunum að búa sig undir aðild. Í henni er ríkjunum veitt raunhæf ráðgjöf og ákveðin aðstoð en á móti er ætlast til að þau nái ákveðnum pólitískum áföngum, þ.á.m. að leysa landamæradeilur á friðsamlegan hátt, að virða lýðræðisleg vinnubrögð, lög réttarríkisins og lýðræðislega stjórn yfir heraflanum. Þátttaka í áætluninni er engin trygging fyrir því að aðild fáiist að bandalaginu en hún aðstoðar ríkin við að aðlaga herafra sinn og býr þau undir þær skyldur og ábyrgð sem felst í aðild.

▲▲ Leiðtogar NATO og Javier Solana þáverandi framkvæmdastjóri á leiðtogafundinum í Washington

▲ Nýir bandamenn við friðargæslu




Ríkisstjórnir aðildarríkja NATO hafa gert það ljóst að stækkun bandalagsins sé ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið til þess að útvíkka það öryggi sem bandalagið veitir og auka stöðugleika í Evrópu í heild. Stækkunarferlið stuðlar að því að koma í veg fyrir átök, því fyrirheitið eitt um aðild hvetur verðandi aðildarríki til þess að leysa deilur við nágrannaríki og hraða endurbótum í lýðræðisátt. Ennfremur ættu ný aðildarríki ekki aðeins að njóta ávinningsins af aðild, heldur ættu þau einnig að geta stuðlað að heildaröryggi allra aðildarríkjanna. Þau eiga með öðrum orðum ekki aðeins að vera þiggjendur heldur líka veitendur.



▲ Fánar nýrra aðildarríkja dregnir að húni

◀ Aðildarskjal undirritað



NATO

á *Balkanskaga*

Í kjölfar upplausnar fyrrum Júgóslavíu hefur NATO beint kröftum sínum í verulegum mæli að löndunum á Balkanskaga. Bandalagið greip þrisvar til hernaðarlegrar íhlutunar til að stöðva eða koma í veg fyrir átök, í Bosníu-Hersegóvínu 1995, í Kósóvó 1999 og í fyrrverandi júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu* 2001, og fer sem stendur fyrir tveimur friðargæsluverkefnum, stöðugleikagæslu (SFOR) í Bosníu-Hersegóvínu og Kósóvó friðargæslunni (KFOR) í héraðinu Kósóvó í suðurhluta Serbíu. Á báðum stöðum er reynt að tryggja öruggt umhverfi þar sem allir borgarar geta lifað í friði án tillits til þjóðernis og til að tryggja að með alþjóðlegri aðstoð megi koma á lýðræði.

Friðargæslusveitir NATO komu til Bosníu-Hersegóvínu í desember 1995 og til Kósóvó í júní 1999 ásamt hermönnum frá mörgum samstarfsríkjum, þ.m.t. Rússlandi og Úkraínu. Í báðum þessum héruðum hafði NATO tekið mikinn þátt í aðgerðum til að binda enda á stórfelld átök. Í Bosníu-Hersegóvínu gerðu aðildarríki bandalagsins loftárásir á herlið Bosníu-Serba í ágúst og september 1995. Aðgerðir þessar urðu til þess að breyta valdahlutföllum á jörðu niðri og knýja leiðtoga Bosníu-Serba til að fallast á friðarsamkomulagið sem samið var um í Dayton í Ohio í Bandaríkjunum.

SFOR hefur ekki einungis umboð Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði í Bosníu-Hersegóvínu heldur einnig til gera það með valdbeitingu. Eftir því sem staða öryggismála hefur batnað hefur verið fækkað í herliðinu í Bosníu-Hersegóvínu og um leið hefur eðli verkefnisins þróast og breyst. Í dag tekur SFOR virkan þátt í aðgerðum til að hjálpa flóttafólki og heimilisláusu fólki að komast aftur til síns heima, og til að leita uppi meinta stríðsglæpamenn svo hægt sé að leiða þá fyrir rétt. SFOR vinnur einnig að því að endurskipuleggja Bosníuher - sem nú skiptist í þrjár fylkingar þjóðarbrotá sem andsnúnar eru hvor annarri (Múslíma, Króata og Serba) - á þann hátt að forðast megi að átök blossi upp á ný.

Hernaðaríhlutun NATO í Kósóvó kom í kjölfar átaka sem höfðu aukist stig af stigi í meira en ár, með vaxandi hættu á að átökin breiddust út um allt héraðið. Yfirvöld í Belgrað höfðu á sama tíma margsinnis brotið gegn ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að kúgun þeirra á albönskum íbúum



NATO Á 21. ÖLD



▲ Franskur friðargæsluliði í Sarajevó

Kósóvó skyldi hætt. Í mars 1999 ákváðu öll aðildarríki NATO að hefja loftárásir á her og aðrar vopnaðar sveitir í Júgóslavíu sem báru ábyrgð á kúguninni. Ákvörðun þessi var tekin eftir að allir aðrir valkostir höfðu verið reyndir til þrautar og friðarviðræður höfðu enn á ný reynst árangurslausar vegna ósveigjanleika stjórnarinnar í Belgrað. Þar sem Öryggisráðið var ófært um að grípa til aðgerða til að tryggja að ályktanir þess um átökin yrðu virtar var það niðurstaða aðildarríkja NATO að hernaðaraðgerðir væru eina leiðin til að stöðva stórkostlegar mannlegar þjáningar og koma á stöðugleika að nýju á svæðinu. Loftárásirnar stóðu í 78 daga.


Þótt miklar pólitískar deilur hafi átt sér stað í kjölfarið á íhlutun bandalagsins, urðu aðgerðirnar til þess að skapa þau grunnskilyrði sem nauðsynleg voru til að hefja enduruppbyggingu. Skilyrði þessi voru endalok allra hernaðaraðgerða deiluaðila,

brottför júgóslavneska hersins og serbneskra lögreglusveita frá Kósóvó, samkomulag um að í Kósóvó skyldi vera alþjóðlegt herlið, skilyrðislaust samkomulag um að flóttafólk og aðrir sem misst höfðu heimili sín fengju að snúa aftur og fullvissa um að vilji væri fyrir hendi til að vinna að pólitískri lausn deilumála í Kósóvó.

Umboð KFOR byggist bæði á samningi sem undirritaður var af yfirmönnum herafla NATO og Júgóslavíu og á ályktun Öryggisráðsins nr. 1244 frá í júní 1999. KFOR ber þannig ábyrgð á því að koma í veg fyrir að átök hefjist að nýju, að koma á öruggu umhverfi og að afvopna og leysa upp frelsisher Kósóvó. Ennfremur veita hersveitir NATO aðstoð við alþjóðlegt mannúðarstarf og starfa með bráðabirgðastjórn Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó (UNMIK) við að koma á stöðugleika til að unnt sé að vinna að frekari uppbyggingu í héraðinu.

Í ágúst 2001 féllst bandalagið á beiðni forseta fyrrverandi júgóslavneska lýðveldisins Makedóníu* um að afvopna hópa Albana sem ógnuðu öryggi og stöðugleika í landinu. Þessi íhlutun kom í kjölfar pólitísku samkomulags fulltrúa albanska minnihlutans í landinu og ríkisstjórnarinnar fyrir milligöngu sérstakra sendimanna ýmissa alþjóðastofnana, þ.á.m. NATO, og Bandaríkjanna. Um 3500 hermenn NATO söfnuðu þannig um 4000 vopnum á 30 dögum. Þessi aðgerð og nævera fámenns herliðs sem fylgdi átti þátt í að koma í veg fyrir borgarastríð og lagði grunn að sáttum og enduruppbyggingu í landinu. Að beiðni ríkisstjórnarinnar var herlið NATO áfram í landinu til að vernda eftirlitsmenn ESB og ÖSE en ESB tók við því hlutverki í mars 2003.

* Tyrkland viðurkennir lýðveldið Makedóníu eins og landið heitir samkvæmt stjórnarskrá þess.



Önnur starfsemi NATO

Fjölmiðlaumfjöllum um NATO beinist óhjákvæmilega að diplómatískri starfsemi á æðstu stigum, leiðtogafundum og hernaðaraðgerðum, en mest af starfsemi bandalagsins fer í raun fram utan sviðsljóssins. Á hverjum degi er NATO að vinna að fjölda verkefna sem miða að því að bæta öryggisumhverfi Evrópu. Meðal þessara verkefna má nefna aðstoð við að endurskipuleggja heri í Austur-Evrópu, vinnu að áætlunum um að endurmennta fyrrum yfirmenn í herjum til að búa þá undir borgaraleg störf og aðstoð við að hreinsa jarðsprengjusvæði og farga úreltum vopnabirgðum.



LA OTAN EN NATO Á 21.

Auk þess tekur bandalagið virkan þátt í að samræma mannúðarverkefni. Árið 1999 opnaði bandalagið miðstöð til samræmingar á neyðaraðstoð á Evró-Atlantshafssvæðinu, og skapaði sér þannig aðstöðu til þess að samræma neyðar- og mannúðaraðstoð við hamfarir hvort heldur af náttúrunnar eða manna völdum. NATO átti t.a.m. mikinn þátt í að samræma aðstoð við flóttamenn sem flúðu átökin í Kósóvó árið 1999 og auk þess aðstoðaði bandalagið fórnarlömb flóða og jarðskjálfta í fjölda landa, þ.á.m. í Mið-Evrópu, árið 2002 og aðstoðaði Tyrkland við að undirbúa almannavarnir fyrir íbúana vegna hugsanlegrar árásar með gereyðingarvopnum í Íraksstríðinu 2003.

Á vegum Atlantshafsbandalagsins er einnig rekin vísindaáætlun til að styðja samstarf vísindamanna frá bandalagsríkjunum og samstafsríkjunum í greinum sem ekki flokkast undir varnarmál. Á hverju ári taka um 10.000 vísindamenn þátt í ráðstefnum og verkefnum sem tengjast áætluninni og m.a. hefur verið gerð gangskör að því að bæta tölvunetvæðingu rannsóknarmanna og auka aðgang að Internetinu í Kákasus og Mið-Asíu. Eftir árásinar 11. september 2001 er í áætluninni, líkt og á við um önnur verkefni NATO, lögð sífellt meiri áherslu á stuðning við rannsóknir sem tengjast vörnum gegn hryðjuverkum og aðgerðum gegn öðrum ógnum sem steðja að nútíma samfélagi.

▲ Undirbúningur almannavarna

◀ Rannsóknir á Svartahafi kostaðar af NATO

Tengslin yfir Atlantshaf

mikilsverður þátttakandi á alþjóðavettvangi eftir að pólitískur ágreiningur var úr sögunni og ESB byrjaði að þróa sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Þetta varð til þess að ESB tók yfir hlutverk NATO í fyrrverandi júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu* í lok mars árið 2003.

Skuldbinding aðildarríkjanna samkvæmt 5. grein Washington-sáttmálans, það er að árás á eitt þeirra jafngildi árás á þau öll, var upphaflega hugsuð sem leið til að tryggja að Bandaríkin myndu verja Vestur-Evrópu. Greininni var í fyrsta sinn beitt í kjölfar árásanna á Bandaríkin 11. september 2001 og síðan hafa evrópsk aðildarríki og Kanada reynt eftir megni að aðstoða Bandaríkin og taka sinn þátt í baráttunni gegn hryðjuverkum.


Nú mynda aðildarríki NATO í Evrópu og Norður-Ameríku víðfeðmt samfélag sem spannar yfir Atlantshaf og tekur til stjórnmála, efnahagsmála og öryggismála. Hér er um að ræða samfélag sem byggist á sameiginlegum gildum og sameiginlegum hagsmunum. Afstaða landa getur verið mismunandi og aðildarríkin geta ekki alltaf komið sér saman um aðgerðir en tilgangur NATO er að auðvelda samráð og umræður þannig að hægt sé að komast að samhljóða niðurstöðu. Aðildarríkin vinna þannig saman að sífellt fleiri málum allt frá því að koma á friði í suðausturhluta Evrópu og koma á stöðugleika í nýfrjálsum ríkjum til að berjast gegn hryðjuverkum og koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna.

▲ Jaap de Hoop Scheffer framkvæmdastjóri NATO og Colin Powell utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Tengslin milli Norður-Ameríku og Evrópu eru kjarni Atlantshafsbandalagsins. Í þeim hafa, líkt og á við öll jákvæð tengsl, skipst á skin og skúrir og þau hafa þróast eftir ytri aðstæðum. Í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar var efnahagur Evrópu í rúst og því þurftu evrópsk NATO-ríki að reiða sig mjög á Bandaríkin. Truman Bandaríkjaforseti og aðrir stjórnmálamenn sem réðu stefnumótun á þeim tíma þegar NATO varð til leituðust ekki aðeins við að byggja upp evrópskan samstarfsaðila þar sem hagsæld ríkti og stöðugleiki, heldur einnig að koma á kerfi sem myndi þjóna lögmætum hagsmunum Norður-Ameríku. Ennfremur virkaði forysta þeirra á þessum tíma sem efnahagslegur og hernaðarlegur hvati á endurreisn Evrópu og hafði þau áhrif að beina sköpunarkrafti Evrópu í farveg endurbyggingar og sátta og stuðlaði þannig að tilurð Evrópusambandsins síðar.

Á þeim árum sem síðan eru liðin, og eftir því sem Evrópa hefur styrkst og sameinast, hafa tengslin yfir Atlantshaf breyst eftir því aðstæður breyttust. Evrópa hefur smám saman aftur orðið

* Tyrkland víðurkennir lýðveldið Makedóníu eins og landið heitir samkvæmt stjórnarskrá þess.



Breytingar á bandalaginu



Ef bandalagið á að vera skilvirkt verður það að breytast eftir því sem öryggisumhverfið breytist. Það verður að finna nýtt jafnvægi milli hefðbundinna verkefna mestmegnis í Evrópu og aðgerða gegn nýjum ógnum á heimsvísu. Bandalagið verður einnig að hafa hernaðarlega getu til þess að sinna nýjum verkefnum, þ.á.m. að geta brugðist hratt og sveigjanlega við nýjum ógnum. Á leiðtogafundinum í Prag var hrundið af stað breytingarferli á öllum þessum sviðum til að tryggja að NATO geti brugðist við ógnum 21. aldar jafn skilvirkt og það brást við ógnum þeirrar síðustu.

Í Prag var hlutverk NATO í baráttunni gegn hryðjuverkum nánar útfært með þróun hernaðarhugtaks gegn hryðjuverkum, það er sértækrar hernaðarlegrar getu til að sinna þessu hlutverki, samkomulagi við samstarfsríkin um aðgerðaáætlun gegn hryðjuverkum og viljayfirlýsingu til stuðnings alþjóðasamfélaginu. Með þessu var lagður grunnur að þeim aðgerðum sem á eftir hafa fylgt, þ.á.m. yfirtaka á stjórn ISAF í Afganistan og aðstoð við Pólverja þegar þeir tóku við stjórn ákveðins svæðis í Írak.



Á leiðtogafundinum í Prag skuldbundu aðildarríkin sig pólitískt til að efla getu sína á mikilvægum sviðum fyrir nútímahernað. Þegar þessar skuldbindingar hafa verið uppfylltar hefur fjöldi flugvéla til herflutninga í Evrópu fjórfaldast, komið hefur verið á flota eldsneytisflugvéla, tryggt er að viðbragðssveitir NATO ráði yfir búnaði til að verjast efna-, sýkla og kjarnavopnum og birgðir stýriflauga fyrir flugvélar hjá öðrum en Bandaríkjamönnum hafa

▲ ISAF friðargæsluliðar horfa yfir Kabúl

◀ Opnun stjórnstöðvar breytinga

NATO Á 21. ÖLD




▲ Eldsneytistaka á flugi

aukist um 40%. Leiðtogarnir ákváðu jafnframt að koma á fót tæknilega háþróaðri viðbragðssveit NATO sem getur farið á vettvang með hraði þangað sem nauðsyn krefur sem og að beina athyglinni að því að auka, breyta og bæta hernaðargetu bandalagsins og samþykktu drög að nýju, einfaldara og skilvirkara herstjórnarkerfi. Stjórnstöð hernaðaraðgerða verður í Belgíu og stjórnstöð breytinga í Bandaríkjunum, en með aðstöðu í Evrópu, og síðarnefnda stjórnstöðin ber ábyrgð á yfirstandandi breytingum á hernaðargetu bandalagsins.

Frá því í mars 2004 eru aðildarríki NATO 26 að tölu en hins vegar er vinnulagið að miklu leyti óbreytt frá því sem það var snemma á sjötta áratugnum þegar bandalagsríkin voru 12. Aðildarríkin sáu að meiri sveigjanleika væri þörf og minni skrifinnsku til að hægt væri að vinna skilvirkt í nýju hertæknilegu umhverfi. Á leiðtogafundinum í Prag var því einnig tekið

ákveðið á þessu. Nefndum, sem voru 467, var fækkað um 30%, undirnefndir taka fleiri ákvarðanir þannig að Norður-Atlantshafsráðið getur frekar beint sjónum sínum að mikilvægustu málunum þótt það beri áfram heildarábyrgð á ákvarðanatökuferli bandalagsins. Vinnulagið á ráðherrafundum hefur einnig verið einfaldað til að ráðherrarnir fái rýmri tíma til að skiptast á skoðunum. Þessar breytingar eiga með tímanum að gera vinnulagið innan bandalagsins nútímalegra og skilvirkara.

Þær fjölmörgu breytingar, áform og áætlanir sem voru samþykktar í Prag verða kjarninn í starfsemi bandalagsins til lengri tíma lítið. Þá verður megináhersla lögð á raunhæfar og framkvæmanlegar aðgerðir sem þarf til að tryggja öryggi lands, fólks og herja bandalagsríkjanna gegn öllum ógnum og ögrunum.



Horft til framtíðar



Á fyrsta áratug nýrrar aldar er NATO talsvert annað en það öryggisbandalag sem stofnað var árið 1949. Á þeirri rúmlega hálfu öld sem bandalagið hefur verið við lýði hefur bæði það og umheimurinn breyst meira en stofnendur þess gátu séð fyrir. NATO hefur einnig þróast úr þeirri stofnun sem varði Vestur-Evrópu þá fjóra áratugi sem kalda stríðið varaði og jafnvel úr þeirri sem varð vitni að þeim breytingum í Evrópu sem urðu á 10. áratug síðustu aldar. Með inntöku nýrra aðildarríkja er aðlögun óumflýjanleg svo unnt sé að gæta hagsmuna fleiri ríkja án þess þó að það hafi neikvæð áhrif á getu bandalagsins til að taka skjótar ákvarðanir. Reyndar er það svo að þar sem varnarumhverfið breytist stöðugt verður þróun NATO að verða hraðari til að það geti mætt nýjum ógnum.

Grundvöllur samstarfsins innan bandalagsins fylgir enn þeim reglum sem settar voru í Washington-sáttmálanum þótt eðli þeirra ógna sem steðja að aðildarríkjunum hafi breyst sem og hvernig NATO bregst við þeim. NATO er stjórnmálalegt og hernaðarlegt stjórnþæki til að mæta aðsteðjandi ógnum og í því tengjast hagsmunir Evrópu og Norður-Ameríku jafnt sem hagsmunir einstakra aðildarríkja.

NATO Á 21. ÖLD



Þær breytingar á NATO sem nú standa yfir eru hluti ferlis sem ætlað er bæta öryggi bandalagsríkjanna og framtíðarstöðugleika og hagsæld Evró-Atlantshafssvæðisins í heild. Frá því að leiðtogafundurinn í Prag var haldinn hafa aðildarríkin gert átak í því að laga NATO að viðfangsefnum nútímans, þ.e. að standa vörð um sameiginleg gildi svo sem virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, berjast gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og ógninni sem stafar af útbreiðslu gereyðingarvopna, efla öryggissamstarfið við Rússland og Úkraínu, leggja frekari grunn að nánari samvinnu við samstarfsríkin og, þegar önnur úrræði þrýtur, beita sér með afli ef til átaka kemur og tryggja að þau breiðist ekki út eða ógni stöðugleika á stærra svæði. Þetta er umfangsmikið starf sem byggist mjög á stuðningi almennings, jafnt í bandalagsríkjunum sem samstarfsríkjunum, sem sættir sig ekki við að pólitísk deilumál séu leyst með vopnavaldi og er staðráðinn í að tryggja síðari kynslóðum öryggi sem grundvallast á gagnkvæmum skilningi og samvinnu.



▲ Jaap de Hoop Scheffer framkvæmdastjóri NATO.

◀ Nýjar víddir



NATO Public Diplomacy Division /
Division Diplomatie publique de l'OTAN

1110 Brussels / Bruxelles
Belgium / Belgique

Web site: www.nato.int
Site web: www.otan.nato.int
E-mail: natodoc@hq.nato.int